

Aðalfundur

Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði

Haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 07. mars 2014

Mættir 48

1.	Setning aðalfundar. Kjör fundarstjóra og fundarritara. (Kl. 9:15) Jens Pétur Jóhannsson formaður SART setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, hann bar upp tillögu um Lárus A. Jónsson sem fundarstjóra og var það samþykkt með lófaklappi. Lárus tók við fundarstjórn og stakk upp á Sigurjóni H. Magnússyni sem fundarritara og var það samþykkt með lófaklappi. Þá kannaði hann lögmæti fundarboðs og voru engar athugasemdir gerðar við það, fundurinn telst því löglegur.
	Skýrsla stjórnar SART 2013-2014 Jens Pétur Jóhannsson, formaður Fundarstjóri, ágætu fundarmenn. Ég vil byrja þessa skýrslu mína á því að minnast þriggja félaga sem látist hafa frá síðasta aðalfundi. Reimar Stefánsson andaðist þann 10 ágúst s.l. Hann fæddist 26 febrúar 1932 að Hrísum í Fróðárhreppi. Reimar hóf nám í rafvirkjun 16 ára gamall hjá Jóni Sveinssyni og vann síðan að loknu námi hjá Jóni Guðmundssyni. Reimar hóf fljótlega sinn eigin atvinnurekstur og starfaði sem rafverktaki til ársinns 1979, en þá stofnaði hann fyrirtækið Rafglit með elsta syni sínum Helga, sem seinna gerðist kennari í rafiðnaðardeild Fjölbrautar-skólans í Breiðholti. Þeir ráku Rafglit þar til Reimar hætti störfum árið 2004. Jón Grétar Guðmundsson andaðist hinn 23. september síðast liðin. Hann var fæddur 26 júlí 1936 í Reykjavík. Jón Grétar nam rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík og lauk sveinsprófi árið 1956. Hann sótti sér síðar framhaldsmenntun í raffræðum í Vélaskólanum í Reykjavík. Hann stofnsetti rafverktakafyrirtæki í Reykjavík og var meistari á annars tugs nema í rafvirkjun. Hann vann mikið fyrir Reykjavíkurborg og eftir að hefðbundnum starfsferli lauk sinnti hann meðal annars eftirlitsstörfum fyrir borgina. Hann sat í stórn FLR og var varaformaður um tíma. Sigtryggur Þorbjörnsson andaðist í febrúar sl. Sigtryggur var fæddur þann 13. nóvember 1925 á Akureyri. Hann lauk sveinsprófi í rafvirkjun árið 1948 og hlaut meistararéttindi árið 1951 og starfaði

sem löggiltur rafverktaki frá 1954. Hann sinnti trúnaðarstörfum fyrir Rafvirkjafélag Akureyrar árin 1948-1954 og formaður Félags rafverktaka á Akureyri frá 1965-1969 og var sæmdur heiðursmerki félagsins fyrir nokkrum árum. Sigtryggi var mjög annt um stétt sína og varði m.a. síðustu árum sínum við að rita „Æviágrip löggiltra rafvirkja- og rafvélavirkjameistara í Akureyrarkaupstað í 50 ár“, (frá 1923-1953).

Vil ég biðja fundarmenn að minnast þeirra heiðursmanna með því að rísa úr sætum.

Fundir

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir þrjár stjórnarfundir og sjö framkvæmdastjórnarfundir. Þá hafa verið haldnir nokkrir morgun-verðarfundir í samstarfi við FLR nú síðast var viðfangsefnið framtíð og staða rafbíla á Íslandi.

Stjórn FRT og FLR halda reglulega stjórnarfundir í Borgartúninu og njóta þar aðstoðar Ásbjörns ef þess er óskað.

Sex af átta aðildarfélögum SART héldu aðalfundi á haustdögum á síðasta ári. Á öllum fundunum var ReMake Electric með kynningu á starfsemi sinni. ReMake er íslenskt framsækið hátækni- og þjónustufyrirtæki sem gerir rafvirkjum kleift að auka þjónustu sína við viðskiptavinum með fjarvöktun á raforkuálagi niður á stök rafmagnsöryggi í gegnum raforku-eftirlitskerfið eTactica. ReMake hefur leitað eftir samstarfi við rafverktaka um þjónustu og uppsetningu á búnaðinum fyrir einstaklinga og fyrirtæki

Aðild SART að SI

Árið 2013 var annað árið okkar innan SI. Þessi nýja staða hefur haft breytingar í för með sér fyrir rekstur samtakanna og drjúgur tími stjórna og starfsmanns hefur að farið í að móta starfið í nýju umhverfi. Árið 2013 gengu 10 ný fyrirtæki í SART sem er mikil hvatning til okkar um að gera enn betur, og við lítum björtum augum til framtíðar.

Kjarasamningar

Þann 21. febrúar sl. voru undirritaðir kjarasamningar við öll þau stéttarfélög sem felldu kjarasamninginn frá 21. desember 2013, að Verkalýðsfélagi Akraness og Félagi leiðsögu-manna undanskildum. Samningarnir byggja á sáttatillögu sem ríkissáttasemjari lagði fram til lausnar deilunni.

Með þessum samningum hefur verið gengið frá kjarasamningum við öll félög iðnaðarmanna, þ.m.t. Rafiðnaðarsambandið. Niðurstaða atkvæðagreiðslu RSÍ á að liggja fyrir í síðasta lagi kl. 12:00 í dag. Væntanlega getum við kynnt niðurstöðuna í hádegisverðinum hér á eftir.

Útboðsþing

Útboðsþing var haldið á dögnum og var það vel sótt að venju.

Dagur B. Eggertsson kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir Reykjavíkurborgar á komandi ári. Þrátt fyrir að nú sé kosningarár eru framkvæmdir ársins 10% minni

en í fyrra eða 8,5 milljarðar króna. Dagur gaf einnig yfirlit yfir helstu verkefni einkaaðila vítt og breitt innan borgarmarkanna á næstu misserum og árum og ef þau áform ganga eftir verður líflegt á bygginga- og verktakamarkaði næstu árin.

Þá voru kynntar framkvæmdir á vegum ríkisins. Vegna stefnu ríkistjórnarinnar um hallalaus fjárlög voru nokkur stærri fjárfestingaverkefni sett á ís. Framkvæmdir Velferðarráðuneytis eru rúmir 3 milljarðar en samtals eru áformuð verkefni fyrir 6,8 milljarða á árinu.

Vignir Albertsson kynnti hefðbundnar framkvæmdir Faxaflóahafna en að auki kynnti hann áhugaverð áform bandaríska fyrirtækisins Silicor Materials um að reisa silíkonverksmiðju á Grundartanga, verkefni upp á 70 milljarða króna. Að sögn Vignis er stutt í að endanlega ákvörðun verði tekin og þá munu framkvæmdir hefjast fljótlega.

Í kynningu Landsvirkjunar kom fram að orkusölusamningar við uppbyggingu á Bakka eru á lokametrunum og vonast er til að þeim ljúki fyrir næstu mánaðarmót. Að því gefnu að niðurstaðan verði jákvæð verður hafist handa við útboð á undirbúnings-framkvæmdum á Þeistareykjum í sumar og byggingarframkvæmdum sumarið á eftir.

Þá voru kynntar fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum Orkuveitunnar, sem hyggst verja 4 milljörðum króna til fjárfestinga og er það heldur meira en í fyrra en OR hefur fylgt ströngu aðhaldsferli sem nú sér fyrir endann á.

Af kynningum á Útboðsþingi má ráða að heldur sé að birta til á bygginga- og verktaka-markaði.

Stefnumótun SART

Ný framtíðarsýn SART var mótuð á stefnumótunarfundi 2013 þar sem hópur rafverktaka kom saman og fjallaði um framtíðarhorfur greinarinnar. Helstu niðurstöður eru að hópurinn vill sjá sterk fyrirtæki í arðsömum rekstri þar sem öryggi fagmennska, ánægðir viðskiptavinir og starfsmenn fara saman.

Helstu áhersluverkefni sem þar urðu til eru:

Bætt vinnusiðferði – meiri framleiðni.

Stefnt skal að því að framlegð í rafiðnaði á Íslandi verði jöfn eða betri en í nálægum löndum. Fyrirtæki verða að auka framleiðni með betri stjórnun með sérstakri áherslu á stjórnun framkvæmda. Lagt er til að teknar verði upp viðræður við Rafiðnaðarsambandið um bætt vinnusiðferði sem leitt getur til betri nýtingu vinnutíma. Með því ættu að skapast möguleikar til að bæta afkomu fyrirtækjanna og hækka laun. Þá skal lögð áhersla á að finna leiðir til að ryðja úr vegi hugarfarslegum hindrunum varðandi innleiðingu gæðastjórnunar.

Við höfum stuðning bæði frá SA og SI varðandi þetta verkefni sem við viljum fara í með Rafiðnaðarsambandinu. Fjallað verður nánar um þetta undir liðnum önnur mál hér á eftir.

Öryggismál í forgang.

Í stefnumótun SART er jafnframt lögð mikil áhersla lögð á öryggismál. Af því tilefni var öryggisdagur SART haldinn í tengslum við síðasta aðalfund SART.

Í framhaldi af ráðstefnunni, hefur verið sett upp öryggisnámskeið í Rafiðnaðar-skólanum undir slagorðunum „*öryggi í forgang – burt með vinnuslysin*“. Námskeiðið snýst um grundvallaratriði í rafmagnsöryggi. Fjallað er um helstu hættur af rafmagni og áhrif rafmagns á mannlíkamann, ásamt því að farið er yfir rétt vinnubrögð í kringum rafmagn, verklag og verkfæri til notkunar við rafmagnsvinnu. Stefnt er að því að námskeiðið verði fastur liður á haust og vorönn skólans. Vil ég hvetja rafvertaka að fara á þessi námskeið og taka alla sína starfsmenn með sér.

Nýtt stafrænt dreifikerfi um loftnet.

Þann 27. mars 2013 var skrifað undir samning um að Vodafone annist stafræna sjónvarpsdreifingu og rekstur dreifikerfa Ríkisútvarpsins næstu 15 árin. Samningurinn felur í sér dreifingu á tveimur stafrænum háskerpu sjónvarps-rásum fyrir RÚV um land allt. Gert er ráð fyrir að yfir 99,8% landsmanna að meðtöldum flestum sumarhúsasvæðum muni ná stafrænum útsendingum um loftnet.

Þessi samningur mun hafa í för með sér aukin verkefni hjá fyrirtækjum SART sem veita loftnetsþjónustu. Þjónustver Vodafone hafa og munu beina þeim sem eru að leita eftir loftnets þjónustu inn á leitarvélina á www.sart.is, en þar er hægt að finna þjónustaðila eftir póstnúmerum um allt land.

Rafverktakagáttin

Mannvirkjastofnun hefur nú opnað nýju rafmagnsöryggisgáttina og ekkert að vanbúnaði fyrir rafverktaka að setja sig í samband. Eitthvað vantar enn uppá að hún virki eins og hún á að gera, en það snýr meira að innra umhverfi mannvirkjastofnunar. Rafmagnsöryggisgáttin er heildstætt upplýsingakerfi sem tengir löggilta rafverktaka, rafveitur og faggiltar skoðunarstofur saman við upplýsingakerfi Mannvirkjastofnunar.

Útboð ríkiskaupa

Ríkiskaup stendur fyrir útboðum vegna viðhaldsverka hjá ríkinu. Um er að ræða þjónustu iðnaðarmanna og verktaka við viðhald, endurnýjun og viðbætur á fasteignum ríkisins. Óskað hefur verið eftir þjónustuaðilum í öllum landshlutum og vöktu Ríkiskaup sérstaka athygli iðnaðarmanna og verktaka á mikilvægi þátttöku þeirra fyrir ríkisstofnanir. SART hvatti alla rafverktaka á sínum tíma til að taka þátt í útboðinu, til að tryggja aðgang sinn að verkefnum.

Sú staða er nú komin upp á Akureyri, að rafverktaka-fyrirtæki sem fór í gjaldþrot og missti samning sinn við Ríkiskaup, reis upp aftur á nýrri kennitölu og þjónustar nú samningslaust ríkisstofnanir á staðnum, sem aldrei fyrr, á meðan fyrirtæki með samning fá ekki verkefni.

Samtökin hafa krafist þess að samningum ríkisstofnana við umdeilt fyrirtæki verði rift. Lögmaður SI hefur verið að vinna í málinu en niðurstaða hefur ekki fengist.

Sumarhús SART

Útleiga á sumarhúsinu gekk vel í sumar og haustið og veturinn komu þokkalega út. Þrátt fyrir góða nýtingu er ljóst að orlofssjóður og óbreyttar útleigutekjur munu rétt standa undir daglegum rekstri hússins. Húsið var byggt árið 1987 og þarf því orðið töluvert viðhald sem erfitt gæti orðið að fjármagna. Niðurstaða rekstarins kemur fram í reikningum sem kynntir verða hér á eftir.

Vetrarhátíð

Föstudaginn 27. febrúar sl. stóðu Ljóstæknifélag Íslands og SART fyrir málþingi um lýsingarhönnun í þéttbýli í Tjarnarbíói. Á sama tíma voru innflytjendur ljósabúnaðar með vörusýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur. Atburður þessi var hluti af Vetrarhátíð í Reykjavík 2014.

Eftir sýninguna kom upp sú hugmynd hvort ekki væri hægt að gera meira úr þessum degi og fá fleiri til að taka þátt. Búa til fagsýningu fyrir okkar geira. Málið er í skoðun.

Rafverktakar skemmta sér

Skipulagðar ferðir á sýningar erlendis eru að verða fastur liður í starfi samtakanna. Á síðasta ári var farið til Frankfurt og í vor var farið á rafbúnaðarsýninguna ELFACK í Gautaborg, í annað sinn. Þetta var 25 manna hópur sem skoðaði nýjungar í búnaði og ljósum, heimsótti fyrirtæki, ásamt því að skemmta sér lítilega í matar og kokteil boðum byrgjanna. Einnig var farið í skemmtisiglingu um skerjagardinn, þar sem borin var fram máltíð og drykkir í boði Reykjavells.

Haustferð

Árleg haustferð var farin um Suðurland, 27 september s.l. Fyrst var ferð um Flóann undir leiðsögn Bjarna Harðarsonar fyrrum alpingsmanns og núverandi bóksala. Ferðin endaði með stoppi við Urriðafoss í Þjórsá, en þar stendur til að virkja, ef hægt verður fyrir umhverfis-sinum. Þaðan var farið í Hestheima á hestasýningu og að henni lokinni bauð Rafport til veglegrar veislu. Þátttakendur voru um 40.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum gott samstarf og Ásbirni fyrir starfið á liðnu ári og góðan undirbúning þessa fundar.

Jens Pétur Jóhannsson,
formaður SART

- 3. Reikningar SART fyrir árið 2012. (Kl. 9:40)** Ásbjörn R. Jóhannesson las upp reikninga SART og Orlofsheimilásjóðs og útskýrði þá.

<p>4.</p>	<p>Umræður um liði 2 og 3. (Kl. 10:00) Engar umræður. Fundarstjóri bar upp skýrsluna og ársreikningana. Hvort tveggja var samþykkt samhljóða, enginn á móti.</p>
<p>5.</p>	<p>Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og varamanna þeirra.</p> <p>(Kl. 10:02) Tillaga er um sömu menn áfram þá Ingólf Árnason FLR og Markús Þór Atlason FLR sem aðalmenn og Gunnar H. Sigurðsson og Stefán Albertsson til vara. Ekki voru tillögur um fleiri og voru þeir samþykktir með lófaklappi.</p> <p>Hjörleifur Stefánsson formaður RS, Rafverktakafélags Suðurnesja hvatti sér hljóðs og bar upp eftirfarandi tillögu:</p> <p>Aðalfundur SART haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 7. mars 2014 samþykkir: Að framlag frá aðildarfélagum til SART verði hækkað um 5.000,- kr. pr. fyrirtæki. Gjaldið verði því kr. 20.000,- í stað kr. 15.000,-</p> <p>SART skili síðan hækkuninni (kr. 5000,-) óskertri til aðildarfélaganna. Breytingin taki gildi frá og með árinu 2014.</p> <p>Rökstuðningur: Frá því að aðildarfélög SART samþykktu að álögð gjöld félaganna (kr. 15.000,- pr. fyrirtæki) rynnu óskert til SART hefur skapast sú staða að erfitt er fyrir félögin að fjármagna einfalda hluti s.s. afmælisgjafir til félagsmanna og/eða aðra nauðsynlega félagslega þætti. Því er þessi hækkun lögð til.</p> <p>Engar umræður urðu um tillöguna. Fundarstjóri bar hana upp og var hún samþykkt samhljóða, enginn á móti.</p>
<p>6.</p>	<p>Rafiðnaðarskólinn, Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins og Ákvæðisvinnustofan. Stefán Sveinsson, Ísleifur Jakobsson og Ólafur Sigurðsson greindu frá starfsemi sinna stofnana á liðnu starfsári og svöruðu fyrirspurnum úr sal.</p>
<p>7.</p>	<p>Kaffihlé (10:35-10:45)</p>
<p>8.</p>	<p>Kristrún Heimisdóttir framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins (Kl. 10:50) Kristrún ávarpaði fundargesti og fór yfir helstu mál sem í gangi eru hjá SI. Hún lýsti ánægju með að fá að koma á fundinn og sagðist finna að meðal rafverktaka ríkti góður andi. Hún nefndi að Ásbjörn hafi fyrir hönd SART innleitt umræðu meðal starfsmanna hjá SA og SI um aukna framleiðni í fyrirtækjum. Fyrirhugað sé verkefni um þann málaflokk með aðkomu SART, með stuðningi frá bæði SA og SI.</p>

9.	Önnur mál (Kl. 11:10) Ásbjörn Jóhannesson tók yfirlit yfir um gæðastjórnunarkerfi iðnmeistara skv. byggingarlögum- og reglugerð gildi reglugerð um raforkuvirki nr 678/2009. Það þýðir að Öryggisstjórnunarkerfi rafverktaka fullnægir kröfum byggingarreglugerðar um gæðastjórnun. Þá ræddi Ásbjörn um framtíðarsýn rafverktaka til ársins 2018 og gerði grein fyrir stöðu verkefna sem henni tengjast. Eftirtaldir tóku til máls: Tómas R. Zoega Hartmann Kr. Guðmundsson og Gunnar Gunnarsson
10	Fundarslit. (Kl. 11:30) Fundarstjóri minnti menn á hádegisverð í boði Reykjafells, Johan Rönning og Smith & Norland og heimsókn á Verkið, Íslandsmót iðngreina í Kórnum eftir hádegi. Fundarstjóri afhenti formanni fundinn sem þakkaði fundarmönnum fyrir góðan mætingu og sleit fundi.

Sigurjón H. Magnússon, fundarritari.